

Svalbarðsstrandarhreppur  
Ráðhúsinu  
601 Akureyri

Reykjavík 15. nóvember 2018  
UST201809-331/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 - breyting

Vísað er til erindis frá Sveitarfélaginu Svalbarðsstrandarhreppi er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á svæði í landi Geldingsár í Svalbarðstarndarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að breyta landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði og svæði undir verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir þrjú íbúðarsvæði fyrir allt að 15 einbýlishús til viðbótar þeim tveimur sem nú þegar eru á svæðinu. Á verslunar – og þjónustusvæðinu er fyrirhugað að byggja allt að fimm litla gistiskála.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið veiti byggingarleyfi á þeim íbúðarlóðum sem nú þegar eru skilgreindar sem íbúðarbyggð áður en farið er í framkvæmdir á ræktuðu og gróinu landi.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess þar sem að nýju íbúðarsvæðin sem liggja nálægt frístundabyggð, skerði ekki upplifun gesta og valdi ónæði.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki frekari athugasemd við hana.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur